

Borgarstjórn Reykjavíkur
10. febrúar 2023

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um friðlýsingu Esjuhlíða

Borgarstjórn samþykkir að óska eftir því við náttúruverndaryfirvöld að hafinn verði undirbúningur að friðlýsingu Esjuhlíða.

Greinargerð

Fyrir liggur stefnumörkun um svæðisbundna náttúruvernd í Reykjavík og stöðu hennar og sviðsmyndir til framtíðar. Fjöldmörg náttúruverndarverkefni með hátt verndargildi koma til greina og mikilvægt er að skoða hvert og eitt þeirra gaumgæfilega og rýna á hvaða forsendum þau þurfa vernd. Það ætti að vera öllum ljóst á tímum loftslagsbreytinga, alheimsfaraldra og hruns líffræðilegs fjölbreytileika hversu þýðingarmikil náttúruvernd er. Snemma árs 2021 var samþykkt tillaga er varðaði friðlýsingarferli þriggja strandsvæða í Reykjavík með hátt verndargildi og þar á undan var Akurey friðlýst sem mikilvægt varpland sjófugla. Fram að friðlýsingu Akureyjar höfðu liðið nær tuttugu ár frá síðustu friðlýsingu.

Fjallið Esja setur mikinn svip á landslag höfuðborgarsvæðisins og býr yfir ómældri fjölbreytni í náttúrufari, vistgerðum, jarðminjum og dýralífi. Eins er hún eitt fjölsóttasta útivistarsvæði í landi Reykjavíkur og hefur tilfinningalegt gildi fyrir marga höfuðborgarbúa. Ljóst er að Esja kæmi vel til greina sem náttúruverndarsvæði þar sem verndargildi hennar er hátt út frá mörgum þáttum. Rýna þarf betur stærð fyrirhugaðra verndarsvæða Esjuhlíða og afmörkun þeirra og kallar sú vinna á samtal og samvinnu eigenda og forsvarsmanna jarða og svæða. Einnig kæmi vel kæmi til greina að Esja yrði fólkvangur á fjölförnum útivistarsvæðum sem yrðu þá einnig skilgreind í þessari vinnu.

Það er mikilvægt að styrkja stöðu Esjuhlíða sem náttúrulegt útsvæði borgarbúa og heimkynni fjölbreytts lífríkis og jarðminja og að borgaryfirvöld samþykki að hefja vinnu við friðlýsingu Esjuhlíða í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og í samtali og samráði við Ríkisjarðir, Skógræktarfélag Reykjavíkur og aðra hlutaðeigandi aðila.